

Nd.

118. Frumvarp til laga

um meðferð, verkun og útflutning á sjávarafurðum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til þess að setja með reglugerð ákvæði um meðferð, verkun, umbúðir og útflutning á öllum þeim sjávarafurðum, sem ekki er áður mælt fyrir um í sérstökum lögum.

2. gr.

Í reglugerðum þeim og öðrum fyrirmælum, sem sett verða samkvæmt lögum þessum, má ákveða sektir fyrir brot gegn þeim, allt að 10000 kr., er renna í ríkissjóð, og skulu mál út af brotum sæta meðferð almennra lögreglumála.

3. gr.

Með lögum þessum er úr gildi felld 2. gr. laga nr. 88 19. júní 1933.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir beiðni Fiskimálanefndar, og fylgir því svo hljóðandi greinargerð:

Þar sem óhjákvæmilegt er, að gerðar séu tilraunir með útflutning á fiski, verkuðum á ýmsan annan hátt en verið hefir, og ennfremur að reynt sé að flytja ferskan fisk til annara landa en hingað til hefir tíðkæzt, telur Fiskimálanefndin nauðsynlegt, að ríkisstjórnin hafi heimild til þess að ákveða með reglugerð, hvernig flokkun, umbúðum og meðferð slíkrar vöru sé fyrir komið, svo að hún geti unnið sem bezt álit í þeim löndum, sem henni er ætlað að ná til.

Þar sem innflutningur til ýmissa landa er mjög takmarkaður og vanalega miðaður við magn vörunnar, verðum við að leggja ástundun á, að það komi að sem beztum notum og að til hvers staðar verði helzt fluttar þær tegundir, sem þar eru verðmætastar, og þá auðvitað þannig frá þeim gengið að því er flokkun og umbúðir snertir, að sem bezt hæfi hlutaðeigandi markaði.

Ríkisstjórnin hefir þennan ihlutunarrétt um útflutning til Bretlands samkvæmt 2. gr. laga 88/1933, en við teljum rétt að gera þessa ihlutun yfirgrípsmeiri, svo að hún nái einnig til annara landa og yfir fleiri tegundir sjávarafurða en þar er gert ráð fyrir. Þar sem heimild sú, sem um ræðir í 2. gr. laga nr. 88/1933, felst einnig í 1. gr. frumvarpsins, teljum við rétt, samræmis vegna, að greinin verði felld burt í fyrrgreindum lögum.